



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ár 2021, föstudaginn 12. nóvember, var haldinn 45. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Fundurinn var haldinn í húsakynnum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Hamraborg 9, Kópavogi og með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 11:30. Viðstödd voru: Magnús Örn Guðmundsson, Sigrún Edda Jónsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jón Kjartan Ágústsson. Fundarmenn sem tóku sæti í fjarfundi eru tilgreindir í meðfylgjandi nafnalista.

Þetta gerðist:

1. Setning aðalfundar.

Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar og formaður stjórnar SSH, setti fund og bauð gesti velkomna. Hann stýrði kjöri fundarstjóra.

Fundarstjóri var kjörinn Magnús Örn Guðmundsson, forseti bærarstjórnar Seltjarnarnesbæjar, hann tók við stjórn fundarins og stýrði kjöri fundarritara.

Fundarritari var kjörin Sigrún Edda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Seltjarnarnesbæ.

2. Fram fara ársfundir byggðasamlaganna, sjá fundargerð ársfundanna.

3. Fram fara aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum SSH:

3.1. Lögð fram skýrsla stjórnar SSH um liðið starfsár.

Gunnar Einarsson formaður stjórnar SSH flutti skýrslu stjórnar um liðið starfsár. Hann þakkaði sérstaklega starfsfólki SSH og byggðasamlaganna fyrir góð störf á árinu og sömuleiðis stjórn SSH þar sem ríkt hefur einstaklega góður starfsandi og vilji til sameiginlegrar ákvörðunartöku. Þetta hafi skipt miklu máli á Covid tímum þegar stjórnin hefur þurft að funda óvenju oft vegna ástandsins til að stilla saman strengi í aðgerðum á höfuðborgarsvæðinu. Gunnar fór yfir helstu verkefni SSH og hversu mikilvægt þetta samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er. Hann hvatti fundargesti til að lesa ársskýrslu SSH þar sem farið væri yfir öll þau atriði sem unnið hefur verið að á árinu. Ársskýrsla SSH er aðgengileg í fundargögnum.

3.2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár lagðir fram:

Endurskoðaður ársreikningur vegna ársins 2020 er aðgengilegur í fundargögnum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2020.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Rekstrareikningur:

Rekstartekjur kr. 57.452.547
Rekstargjöld kr. 58.770.551
Fjármunatekjur kr. 528.394
Tap ársins kr. - 789.610

Efnahagsreikningur

Eignir kr. 298.224.735
Eigið fé kr. 21.323.945
Skammtímaskuldir kr. 9.751.717
Eigið fé og skuldir samtals kr. 298.724.735

Til máls tók Theodóra Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi.

3.3. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 er aðgengileg í fundargögnum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2022.

Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 12. nóvember 2021 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2022 til samtakanna verði 139 kr. á hvern íbúa.

Samþykkt.

Til máls tók Theodóra Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi.

3.4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda.

Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Lagt er til að skoðunarmenn verði: Heiða Björg Hilmysdóttir, Reykjavíkurborg og Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ. Lagt er til að endurskoðandi verði KPMG endurskoðun.

Samþykkt.

3.5. Önnur mál.

Til máls tekur Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ og kynnir svohljóðandi tillögu borgar- og bæjarfulltrúa Viðreisnar:

„Í ljósi þeirrar einangrandi félagslegri stöðu sem mörg fötluð ungmenni á framhaldsskólaaldri eru í vegna fyrirkomulags á frístund eftir skóla leggja bæjarfulltrúar Viðreisnar á höfuðborgarsvæðinu til að SSH verði falið að skoða hvort annað fyrirkomulag en nú er gæti komið betur til móts við félagslegar þarfir fatlaðra ungmenna á framhaldsskólaaldri.

Fötluð ungmenni sem stunda nám á starfsbrautum framhaldsskólanna hafa ekki val um hvar þau sækja frístund til að mæta félagslegu þörfum eftir skóla. og sum hver heldur ekki um hvar þau sækja skóla. Því er það svo að til að mynda einstaklingur sem stundar nám í Reykjavík en býr í öðru sveitarfélagi hefur ekki kost á að sækja frístund eftir skóla með vinum sínum heldur er vísað í þjónustu í sínu sveitarfélagi sem getur verið afar félagslega einangrandi vegna smæðar en ekki síður vegna þess að vinir viðkomandi tilheyra ekki endilega sama sveitarfélagi.

Það skiptir máli að við sem samfélag tryggjum sem best lífsgæði þessa hóps eins og annarra. Tækifæri fatlaðra ungmenna til félagslegra samskipta við jafnaldra og jafningja eftir skóla og um helgar er afar takmarkandi og oftar en ekki bundin við þau úrræði sem frístund er. Því skiptir máli að frístund þessa hóps sé hugsuð þvert á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu en ekki í hverju sveitarfélagi fyrir sig til þess að mæta þeirra félagslegu þörfum og vinatengslum.“

Til máls tóku undir þessum lið Helga Ingólfssdóttir bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, Líf Magneudóttir borgarfulltrúi í Reykjavík, Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar, Theodóra Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi og Alexandra Briem borgarfulltrúi í Reykjavík.

Gunnar Einarsson formaður stjórnar SSH gerði það að tillögu sinni að tillögunni yrði vísað til stjórnar SSH.

Sú tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Fundarslit.

Gunnar Einarsson formaður stjórnar SSH þakkaði góðan fund og umræður.

Fundi slitið kl. 14:28

Sigrún Edda Jónsdóttir fundarritari